

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 1989

18. maí 1989

465

Nr. 236

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Stafnesi.

1. gr.

Allar togveiðar eru bannaðar á svæði sem markast af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Stafnesvita í punkt 63°58'2 N – 23°05'0 V þaðan í punkt 64°11'4 N – 23°14'4 V og loks í punkt 64°12'5 N – 23°07'4 V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.

9. maí 1989

Nr. 237

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á eftirgreidum tímabilum eru allar fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, bannaðar á bátum minni en 10 brl., sem ekki hafa sérstök botnfiskveiðileyfi skv. 5. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

1. Frá og með 1. júní 1989 til og með 7. júní 1989.

2. Frá og með 30. júlí 1989 til og með 8. ágúst 1989.

Veiðibönn þessi taka ekki til minni báta en 10 brl. sem fengið hafa veiðileyfi með aflaghámarki skv. 2. mgr. B. liðar, C. lið og D. lið 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

B 34

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 228 24. apríl 1989, um bann við veiðum smábáta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónsson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 305 14. júní 1988 um búmark og fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1988–1989, sbr. breytingu með reglugerð nr. 527/1988.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 305/1988, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 527/1988 komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnu samþykki viðkomandi búnaðarsambands, að staðfesta samninga milli framleiðenda um ráðstöfun fullvirðisréttar sem gerðir höfðu verið við gildistöku reglugerðar nr. 527/1988 en höfðu ekki hlotið staðfestingu viðkomandi búnaðarsambands, enda berist slíkir samningar landbúnaðarráðuneytinu fyrir 1. júní 1989. Þá er landbúnaðarráðherra heimilt að færa fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda milli ríkisjarða innan sama búmarkssvæðis að fengnum meðmælum viðkomandi búnaðarsambands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. maí 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.